

Reykjavík, 9.12.2020

Umhverfis- og skipulagssvið

Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags

Efni: Umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um drög af breytingum á aðalskipulaginu, einkum varðandi stefnu um íbúðarbyggð til ársins 2040.

Fjölmeningarráðið þakkar fyrir umsagnarbeiðni í þessu mikilvægu máli. Í þessu erindi er aðallega bent á hvernig skipulagsmál og þær breytingar sem hér er um að ræða snerta innflytjendur sérstaklega mikið eða öðruvísi en innfædda Reykvíkingar.

Ráðið er fylgjandi markmiðum aðalskipulags um fjölbreytileika og þeim áherslubreytingum sem koma fram, sér í lagi varðandi hagkvæm og fjölbreytt húsnæði, félagslegri blöndun og öflugum samgöngum. Þar er sérstaklega lögð áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Ábendingar varðandi kafla 3.1.1. Húsnæði fyrir alla: “Stefnt verði að því að um 25% nýrra íbúða verði á vegum húsnæðisfélaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Leitast verði eftir því á hverjum tíma að koma til móts við þarfir þeirra sem ekki vilja leggja eða ekki geta lagt mikið fé í eigið húsnæði. Horft verði sérstaklega á húsnæðisþarfir ungs fólks og þeirra sem eru að fóta sig í fyrsta skipti á húsnæðismarkaði.

og varðandi kafla 3.1.3. Blöndun byggðar og markmið þar að lútandi

Fjölbreytileiki er undirstaða í þróun nútímaborgarsamfélagsins. Félagleg blöndun er gífurlega mikilvæg fyrir innflytjendur en margar áskoranir geta verið fólgnar í því að stór hópur innflytjenda býr á sama svæði og er þar af leiðandi ekki mikið í samskiptum við innfæddir Reykvíkinga! Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þeir sem eru að fóta sig í fyrsta skipti á húsnæðismarkaði séu ekki einungis ungt fólk heldur líka fólk sem er ný flutt til landsins.

Félagleg blöndun og fjölbreytni verði ávallt leiðarljós við skipulagningu nýrra hverfa og tekur ráðið sérstaklega undir markmiðinu sem lýst er á bls. 9

Markmið um blöndun byggðar mega ekki vera orðin tóm [...]

2. Ábending varðandi hverfismiðuð nálgun: Mikilvægt er fyrir innflytjendur að kynnast fólki í nær umhverfi. Tengslamyndun er oft á öðrum forsendum í þessum hópi og almenningsrýmis sem býður upp á tækifæri til samtals er þar í lykilhlutverki.
3. Ábendingar varðandi hagkvæmt húsnæði og aukið framboð á leiguhúsnæði

Nokkrar rannsóknir liggja fyrir varðandi húsnæðisaðstöðu innflytjenda, t.d. Rannsókn frá MIRRU hér að neðan þar sem kemur fram að, innflytjendur sækja frekar í leigumarkað en eiga oft erfiðara með því að fá tækifæri þar. Margir segja frá því að leigusalar á almennri markaði eru sjaldnara að gefa innflytjendum tækifæri, að þeim er oft ekki einu sinni boðið að skoða en fá boð ef t.d. Íslenskur maki sendir fyrirspurn. Mikilvægt er þess vegna að auka framboð á leigumarkaðnum á viðráðanlegu verði.

http://rbf.hi.is/sites/rbf.hi.is/files/Skyrslur/rannsoknarskyrsla_husnaedisadstaedur_innflytjenda_a_hofudborgarsvaedinu_loka_skyrsla.pdf

Einnig bendir fjölmeningarráðið á upplýsingar í sérhefti um innflytjendur sem Hagstofan gaf út fyrir á þessu ári þar sem greinargóðar upplýsingar koma fram varðandi aðstæður innflytjendur og skoðanir.

<https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendu/>

Þar kemur einnig fram að hlutfallslega færri innflytjendur eru með mjög háar heildartekjur en innlendir og fleiri séu á leigumarkaði áætlað er að á bilinu 34,2% til 52,6% innflytjenda hafi verið á leigumarkaði sbr. leigumarkaði á árunum 2008 til 2016 á meðan áætlað er að 13,3% til 21,0% innlendra hafi verið leigjendur.(félagsvísir bls. 30). Einnig telja sig hlutfallslega fleiri innflytjendur búa þröngt. Og fleiri innflytjenda hafi upplifað húsnæðiskostnað sinn sem íþyngjandi.

Hér fagnar fjölmeningarráð þær áherslur sem fram koma í á bls 7, 3.1.1. Í fyrirbyggjandi skjali:

“Uppbygging húsnæðis sem hentar lægri tekjuhópum verði einkum á svæðum sem auðvelt er þjóna með góðum almenningsangöngum og/eða í grennd við stóra atvinnukjarna og fjölbreytta þjónustu. Húsnæði sem hentar ungu fólki og fyrstu kaupendum – og öðrum þeim sem eru líklegir til að nýta sér þjónusta almenningsangangna – verði í forgangi á reitum í grennd við fólks og þeirra sem eru að fóta sig í fyrsta skipti á húsnæðismarkaði.

4. Fjölmeningarráð tekur undir þeim breytingum og áherslum sem snúa að blandaðri byggð með litar verslanir. Að stofna sitt eigið fyrirtæki er oft tækifæri fyrir innflytjendur sem eiga erfiðarar fyrir á almenna atvinnumarkaðnum. Þessi hópur einkennist nefnilega líka af mikilli frumkvæði og sköpunarkrafti, drífkrafti og getur lagt mikið fram að auka fjölbreytileiki viðskiptalífs með mikilli nýsköpun.

Einnig ber hér að nefna

Bls. 8 3.1.1

Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir. Íbúar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningsrymum og skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.

Fjölmeningarráðið tekur hér undir markmiðum og áherslum sem koma fram í kafla 3.3.2. Nærþjónustu kjarnar og bendir á rannsóknir frá Norðurlöndum þar sem kemur fram að innflytjendur stofna hlutfallslega töluvert fleiri fyrirtæki.

https://research-api.cbs.dk/ws/portalfiles/portal/59797869/616253_Gor_Zhamharyan.pdf

5. Ábendingar varðandi ferðavenjur og áherslur á öflun almenningsgangna: Innflytjendur hafa oft öðruvísi, oft töluvert jákvæðara viðhorf og meira reynslu í að nota almenningsgangur, jafnvel eingöngu. Stærsta jöfnuð artæki, mikill kostnaður að reka einkabíll, sérstaklega mikilvægt til að leyfa börnum að sækja frístundir óháð skutli foreldra sem eru í herra hlutfalli í vaktarvinnu.
6. Ábendingar varðandi umhverfisgæði: Vegna lægra tekja eru líkurnar að innflytjendur setjist frekar að í hverfum með meira framboð á ódýra húsnæði en þetta hefur áhrif á upplifun umhverfisgæða. Niðurstöður rannsóknar sýna að 1 af hverjum 4 innflytjendum telur sig búa við slæm umhverfisleg gæði í nærumhverfinu borið saman við 1 af 5 innlendra (Félagsvísir, bls. 38). Meðaltal í 22 löndum en þættir sem hér eru bornar saman eru hávaði, mengun í nærumhverfi.
7. Óleyfisbúseta

Ábendingar varðandi kafla 3.4.2. íbúðarhúsnæði á vinnusvæðum

Íbúðarhúsnæði (s.s. íbúðarherbergi með sameiginlegu eldhúsi og stofu) sem einkum er ætlað til tíma bundinnar dvalar vinnuafls, er heimilt á miðsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum, athafnasvæðum, hafnarsvæðum og landbúnaðarsvæðum og eftir atvikum og þá samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi á öðrum land notkunarsvæðum.

Fjölmenningarráðið hefur í kjölfar brunans á Bræðra borgarstígi fjallað oftari en einu sinni um þær verulega erfiðar aðstæður innflytjenda sem búa í óviðeigandi húsnæði. Slíkt húsnæði er oft í eigu atvinnu veitandans og utan skilgreiningar og kröfur sem t.d. Tímabundin gisting í ferðamannamarkaði þarf að uppfylla

Eins og kannanir slökkviliðs hafa sýnt þá er húsnæði á atvinnusvæðum í langflestum tilfellum nýtt til búsetu af hálfu innflytjenda. Slíkt húsnæði getur oft verið íbúahæft en mikilvægt er að hafa eftirlit hvort um er að ræða heilnæmt húsnæði, brunavarnir etc. og einkum mikilvægt fyrir þennan hóp er að geta skráð lögheimilið.

Hér þarf að fylgja eftir við löggjafans að hér þarf að skapa lagaramma um leigu atvinnu veitanda til starfsfólks sem þarf að skilgreina sem starfs leyfisskyld atvinnustarfsemi.

Annað.

Athyglisvert er þar að auki að benda á að svörun í könnunum er yfirleitt töluvert lægri hjá innflytjendum skv. Rannsóknunum sem hér eru nefndar. Þetta bendir til þess að þátttaka og áhrif þeirra í t.d. umsagnarferlum er minna. Fjölmenningarráðið bendir á að hér þarf þá að leita nýja og skapandi leiðir að heyra raddir þeirra. Einnig þarf að taka tillit til þess að í núverandi ástandi er atvinnuleysi innflytjenda verulega hærra sem hefur áhrif og gerir hópinn viðkvæmari fyrir breytingar.

Jafnhliða því hefur stefna um atvinnusvæðin, eftir atvikum, verið tekin til endurrýni enda ávallt eðlilegt að skoða staðsetningu heimila og vinnustaða í samhengi. Ný stefna um íbúðarbyggð og uppfærð viðmið um einstök atvinnusvæði eru sett fram á grunni breyttra forsenda um vaxtarhraða og endurmats á þeim möguleikum sem eru til uppbyggingar á einstökum svæðum. Leiðarljós við mótnun nýrrar stefnu er að spyrða betur saman áform um uppbyggingu og þéttleika, það er fjölgun íbúa og starfa, við byggingu og styrkingu vistvænna samgöngukerfa, Borgarlínu, stofnleiða Strætó bs, hjólastígakerfi og gönguleiðir.

Lífsgæði sem felst í því að geta gengið eða notast við almenningsamgöngur til að komast í vinnu, skóla og leikskóla eða frístundarstarfið skiptir þennan hóp miklum máli. Ekki einungis vegna lægra tekjur líka þeirra venjur og viðhorfa sem fólk er búið að tileinka sér í sínum heimalöndum. Gott dæmi sem nefna má þar er að þekking á umhverfismálum eins og sorpflokkun er oft mikil í öðrum löndum.

Og að lokum er mikilvægust að benda á að fjölbreytileikinn sem kemur með innflytjendum er með þeim stærstu áhrifaþáttum fyrir nýsköpun og framþróun. Þrátt fyrir mikilvægi félagslegra blöndunar má ekki gera lítið úr því að margir kjósa einfaldlega að búa ekki langt frá fólki sem það þekkir og á samleið með. Mikil gróska og nýsköpun er í þeim hverfum þar sem fjölmenning er áberandi.